

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, færsla Bræðratunguvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. október 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í breyttri legu Bræðratunguvegar sunnan og vestan flugvallarins á Flúðum. Samhliða verða breytingar á legu og tengingum annarra vega auk þess sem stærð aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis, tjaldsvæðis, íbúðarsvæðis og athafna- og iðnaðarsvæðis breytist lítillega.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. október 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2010